



Reykjavík 30. október 2020

Bréf sent prestum, djáknum, organistum,
sóknarnefndum og útfararstjórum

Ágæta samverkafólk.

Enn þurfum við að haga starfi okkar í ljósi nýrra reglna um sóttvarnir, sjá þær hér: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/10/30/Hertar-sottvarnaradstafanir-fra-31.-oktober/>

Reglurnar gilda til 17. nóvember n.k. Allar takmarkanir ná til landsins alls og fjöldatakmörk eru 10 manns. Grímuskylda er þar sem ekki er unnt að tryggja 2 metra nálægðarmörk milli einstaklinga sem ekki eru í nánum tengslum. Börn fædd 2015 og síðar eru undanþegin 2 metra reglu, fjöldamörkum og grímuskyldu (gilti áður um börn fædd 2005 og síðar).

Þar af leiðir að allt starf þar sem fólk safnast saman fellur niður.

Athafnir:

- Hjónavígslur eru heimilar innan 10 marka hámarksfjölda og almennra sóttvarnareglna.
- Skírnir lúta sömu reglum og hjónavígslurnar.
- Heimild er fyrir 30 manns í útförum en 10 að hámarki í erfidrykkjum.
- Guðsþjónustur fara ekki fram nema í gegnum fjarfundabúnað.
- Fermingarstarf fer ekki fram nema í gegnum fjarfundabúnað.
- Sunnudagaskóli og annað barnastarf fellur niður nema því sé streymt í gegnum fjarfundabúnað.

Nokkur atriði vil ég því leggja áherslu á að þessu sinni:

1. Skírnir og hjónavígslur, í kirkjunni eða heimahúsi?

Varðandi þá spurningu, sem borin hefur verið upp, hvort slíkar athafnir ættu frekar að fara fram á heimilum eða í kirkjunni, þá fer það eftir aðstæðum. Í kirkjunni er presturinn kannski betur við stjórn, þ.e.a.s. það er í hans höndum að skipuleggja nákvæmlega hvernig staðið er að athöfninni, hvar fólk situr, hvar sprittbrúsar eru staðsettir, að loftað sé í kirkjunni á milli athafna og að þrif séu fullnægjandi o.s.frv. Hættan við heimaathafnir er m.a. sú að presturinn beri smit á milli heimila. En svo geta slíkar heimaathafnir verið mjög fámennar, þar sem hugsað er vel fyrir öllu. S.s. þetta þarf að meta í hverju tilviki, og varast þessar hættur sem að ofan greinir. Almennar reglur um fjöldatakmörk og nándarmörk gilda.

2. Eru prestar í framvarðasveit?

Spurt hefur verið um hvort prestar séu í framvarðarsveit í almannapjónustu. Svarið við þeirri spurningar var afdráttarlaust af hálfu Landlæknisembættisins, þ.e.a.s. já, prestar sem sinna sálgæslu og þjónustu í söfnuðum landsins, eru í framvarðarsveit. Við þurfum því að skipuleggja þjónustuna á hverjum stað þannig að þetta sé haft í huga.

3. Útfararvaktir - prófastar

Hér með er próföstum falið að setja á útfararvaktir presta í sínum prófastsdæmum. Prófastur í Reykjavíkurrófastsdæmi vestra mun skipuleggja vaktirnar á höfuðborgarsvæðinu í samráði við kollega sína þar.

4. Almenn brýning að halda sig heima:

- Allt starfsfólki er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.
- Allt starfsfólk með undirliggjandi sjúkdóma hugi að sér og haldi sig heima.

Þau bréf sem send hafa verið vegna heimsfaraldursins eru öll aðgengileg á heimasíðu kirkjunnar, kirkjan.is, sjá hér: <https://kirkjan.is/default.aspx?pageid=709c618c-efd6-4f9b-994e-da97cda7b696>.

Ég vil hvetja ykkur til dáða á þessum skrytnu tímum. Mikilvægt er að við höldum vöku okkar og gerum okkar besta í baráttunni við þennan vágest. Í þeirri baráttu stöndum við ekki ein og yfirgefin. „Drottinn er nálægur öllum sem ákalla hann, öllum sem ákalla hann í einlægni.“ Dav. 145:18.

Guð gefi ykkur styrk og æðruleysi og blessi ykkur í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.